

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 1. tbl., 4. janúar 2013

Svæðisskipulag – Kynningarfundur

Kynningarfundur um Svæðisskipulag Eyjafjarðar
verður haldinn á Hótel KEA 9. janúar 2013 kl. 20:00

Í 21. gr. skipulagslaga nr.123/2010 er fjallað um svæðisskipulag en “svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðaðróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga”. Enn fremur segir svo í 2. mgr. sömu greinar: “Svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda”.

Nú liggur fyrir tillaga svæðisskipulagsnefndar að svæðisskipulagi fyrir Eyjafjarðarsvæðið sem tekur til sveitarfélaganna sjö við Eyjafjörð þ. e. Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar Hörgársveitar Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps og Grýtubakkahrepps. Að lokinni kynningu skal nefndin fjalla um og leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórnir endanlega svæðisskipulagstillögu. Því næst fær Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi stofnunin ekki gert athugasemdir við hana innan fjögurra vikna frá því að hún barst henni skal auglýsa hana. Þá gefst öllum þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta tækifæri til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna innan sex vikna frests.

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Fjárhagsáætlun 2013

Nýlega afgreiddi sveitarstjórn fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana hans fyrir árið 2013. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur hækki um 5% milli ára og verði alls 378,1 millj. kr. Þjónustutekjur og endurgreiðslur eru áætlaðar 74,9 millj. kr. Tekjur eru þannig áætlaðar samtals 453,0 millj. kr. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði alls 195,1 millj. kr., vörukaup, þjónustukaup og styrkir verði alls 203,8 millj. kr., afskriftir verði 19,3 millj. kr. og fjármagnsliðir (nettó) verði 9,1 millj. kr. Gjöldin eru þannig samtals áætluð 427,3 millj. kr. Áætluð heildarniðurstaða af rekstri samstæðunnar er því sú að afgangur verði 25,7 millj. kr. Áætlaðar skatttekjur eru þessar:

	Áætlun 2013	Áætlun 2012
Útsvar	193,3 millj. kr.	(179,9 millj. kr.)
Jöfnunarsjóðsframlög	149,1 millj. kr.	(140,9 millj. kr.)
Fasteignaskattur	34,4 millj. kr.	(31,0 millj. kr.)
Lóðarleiga	1,3 millj. kr.	(1,2 millj. kr.)
Alls	378,1 millj. kr.	(353,0 millj. kr.)

Niðurstöðutölur í rekstri málaflokka (gjöld að frádrögnum tekjum) eru áætlaðar sem hér segir:

Félagspjónusta	19,9 millj. kr.	(19,2 millj. kr.)
Heilbrigðismál	0,5 millj. kr.	(0,5 millj. kr.)
Fræðslu- og uppeldismál	196,6 millj. kr.	(187,1 millj. kr.)
Menningarmál	16,6 millj. kr.	(15,7 millj. kr.)
Æskulýðs- og íþróttamál	32,4 millj. kr.	(28,4 millj. kr.)
Brunamál og almannavarnir	6,2 millj. kr.	(5,9 millj. kr.)
Hreinlætismál	6,0 millj. kr.	(7,2 millj. kr.)
Skipulags- og byggingamál	9,4 millj. kr.	(8,3 millj. kr.)
Umferðar- og samgöngumál	8,5 millj. kr.	(7,8 millj. kr.)
Umhverfismál	5,5 millj. kr.	(2,4 millj. kr.)
Atvinnumál	4,6 millj. kr.	(4,8 millj. kr.)
Sameiginlegur kostnaður	34,2 millj. kr.	(27,3 millj. kr.)
Fráveitur og vatnsveita	2,9 millj. kr.	(4,4 millj. kr.)
Fjármagnsgjöld (nettó)	9,1 millj. kr.	(11,7 millj. kr.)
Alls	352,4 millj. kr.	(330,7 millj. kr.)

Fjárhagsáætlun aðalsjóðs í heild og yfirlit yfir málaflokka er á heimasíðu Hörgársveitar, undir “stjórnsýsla” og þar á að smella á “fjárhagsáætlanir”.

Áætlað er að veltufé frá rekstri á árinu verði alls 49 milljónir króna, sem er svipað og undanfarin ár. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 20 milljónir króna og fyrirhuguð fjárfesting í eignarhlutum í félögum er 0,9 milljónir króna. Áætlað er að handbært fé aukist um 18 millj. kr. milli ára.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að sorpgjöld hækki nokkuð milli ára, þ.e. um 15-20%, þar sem gríðarleg kostnaðarauking í úrgangsmálum hefur komið fram á síðustu misserum. Þrátt fyrir hækkun gjaldanna vantar mikið upp á að þau standi undir kostnaði. Mötuneytisgjald í þelamerkurskóla hækkar um 11% í upphafi ársins 2013. Það hefur verið óbreytt í nokkur ár, en nokkuð vantar upp á að það standi undir kostnaði. Ekki er gert ráð fyrir öðrum gjaldskrárbreytingum hjá Hörgársveit árinu 2013, a.m.k. að svo komnu máli. Álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatts verða óbreytt milli ára. Dvalargjald og fæðisgjald í leikskóla breytist ekki.

LÓNSBAKKI

Auglýsing um skipulagslýsingu

Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir Lónsbakka, þ.e. þéttbýlið með götunum Skógarhlíð, Birkihlíð og Lónsvegur, auk aðliggjandi atvinnusvæðis og svæðis í kringum leikskólann Álfastein. Að hluta mun deiliskipulagið mun koma í stað tveggja gildandi deiliskipulagsáætla, annars vegar fyrir Skógarhlíð og hins vegar fyrir Birkihlíð.

Í lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. skipulagslög, koma fram áherslur deiliskipulagsins og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu. Lýst er fyrirhuguðu skipulagsferli og hvernig kynningu og samráði gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum verði háttað við skipulagsgerðina.

Sveitarstjórnin leggur hér með fram til kynningar ofangreinda lýsingu á skipulagsverkefni vegna deiliskipulags fyrir Lónsbakka.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla. Tillagan er einnig birt á heimasíðu sveitarfélagsins:

www.horgarsveit.is

28. desember 2012

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

Húsaleigubætur fyrir árið 2013

Þeir húsaleigubótaþegar sem ekki hafa nú þegar sótt um endurnýjun á húsaleigubótum fyrir árið 2013 verða að gera það strax til að greiðsla húsaleigubóta fyrir janúar frestist ekki. Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Hörgársveitar, undir auglýsingar (vinstra megin). Senda má umsóknina á faksi, númerið er 461 5475.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. janúar í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 14. janúar